

Samþykkt og gjaldskrá um götu- og torgsölu á bæjarlandi Kópavogs

1. gr.

Gildissvið og almenn ákvæði

Reglur um götu- og torgsölu taka til hvers konar tímabundinnar sölustarfsemi sem fer fram á bæjarlandi skv. samþykkt þessari, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og á opnu svæði eða í almenningsgörðum.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt bæjarlandið og er ætlað að stuðla að því að sölustarfsemi sé í sátt við nærumhverfi sitt og tryggja gagnsæi.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar fer með umsjón leyfisveitinga og hefur eftirlit með sölustarfsemi á grundvelli samþykktar þessarar en umsóknir fara ávallt til umsagnar hjá forstöðumanni lista- og menningarmála.

2. gr.

Leyfisskyld starfsemi

Götu- og torgsala er leyfisskyld og eru leyfi gefin út í tilgreindan tíma en að lágmarki til eins mánaðar.

Undir götu- og torgsölu fellur ekki námskeiðshald, kennsla, kynningar, sýningar, minniháttar góðgerðarsala og viðburðir, hvort sem er í vögunum, bílum, gámum eða undir beru lofti.

Leyfi fyrir götu- og torgsölu er ekki hægt að framselja eða framleigja.

Leyfi skv. samþykkt þessari gildir ekki á skipulögðum viðburðum og hátíðum sem fram fara í bæjarlandi, s.s. 17. júní, nema sérstaklega hafi verið óskað eftir því í umsóknarferli og umsögn frá deild lista- og menningarmála hafi verið jákvæð.

3. gr.

Skilgreind sölusvæði og afnot af bæjarlandi

Skilgreind sölusvæði eru í bæjarlandinu og er ekki hægt að sækja um leyfi á öðrum sölusvæðum.

Á sölusvæðum er hvorki gert ráð fyrir tengingum við rafveitu, fráveitu né vatnsveitu.

Götu- og torgsala getur m.a. farið fram í sölubifreið, söluvagni eða sambærilegu. Meginreglan er að sölubifreiðar séu á bílastæðum en söluvagnar á torgum, gangstéttum, opnum svæðum og í almenningsgörðum. Ekki skal staðsetja bifreið á sölusvæði nema rétt á meðan tenging og aftenging vagns á sér stað.

4. gr.

Umsóknarferli og málsmeðferð

Sótt er um leyfi í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar á www.kopavogur.is Þ

Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir sölustarfsemi og tilgreina ósk um staðsetningu og gildistíma.

Leyfisveiting byggist einnig á mati umsóknar þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi og vöruframboði. Lögð er áhersla á fjölbreytileika og mismunandi framboði á vöru og þjónustu á hverju sölusvæði og tekur úthlutun mið af því ásamt hæfilegum fjölda leyfa að teknu tilliti til stærðar svæðis.

Umsækjandi sem hyggst selja matvæli skal afla starfsleyfis hjá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis skv. lögum um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum.

Kópavogsbær getur gert kröfu um salernisaðstöðu á sölusvæði verði umsókn samþykkt til lengri tíma.

5. gr.

Tímabil og opnunartími. Leyfisgjald.

Hægt er að sækja um tímabundin stöðuleyfi/viðburðaleyfi sem gilda á skilgreindum sölusvæðum á tímabilinu 1. maí – 31. ágúst ár hvert. Sala er heimiluð frá kl. 09:00-21:00 nema annað sé tilgreint í leyfi.

Staðsetning sölusvæða er merkt í viðauka I við þessar reglur

Leyfisgjald skv. gjaldskrá umhverfissviðs skal greitt fyrirfram. Umsækjandi sem fær samþykktu umsókn fyrir leigu á sölusvæði fær senda kröfu fyrir leigugjaldi sem greiða skal áður en leyfi er gefið út. Berist leigugjald ekki innan 7 daga telst umsókn um leyfi vera afturkölluð.

Leyfishafa skal víkja af sölusvæði á bæjarhátíðum og skipulögðum viðburðum hafi leyfishafi ekki útgefið leyfi á þeim viðburðum, með vísan til 4. mgr. 2. gr. samþykktar þessarar.

6. gr.

Skyldur leyfishafa - umgengni

Á sölusvæðum skal ávallt:

- Tryggja örugga og greiðfæra umferð vegfarenda.
- Tryggja aðgengi viðbragðsaðila, s.s. lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga.
- Flokka úrgang bæði innan og utan söluaðstöðu í samræmi við gilandi reglur í sveitarfélaginu á hverjum tíma.
- Gæta hreinlætis og sjá til þess að umhverfi sölusvæðis á hverjum degi sé snyrtilegt og úrgangi sé fargað á endurvinnslustöð. Óheimilt er að nýta úrgangsílát sveitarfélagsins eða grenndargáma fyrir starfseminna.
- Tryggja að ekki hljóti mengun af starfseminni.
- Lágmarka lausagang bifreiða í tengslum við flutning söluaðstöðu.

Verði misbrestur á ofangreindu getur umhverfissvið látið fjarlægja söluaðstöðu að undangenginni viðvörun og/eða hreinsað sölusvæði á kostnað leyfishafa.

7. gr.

Lok og afturköllun söluleyfis

Leyfi samkvæmt reglum þessum getur hvenær sem er verið afturkallað án endurgreiðslu leyfisgjalds, að undangenginni viðvörun, ef ákvæði reglna þessara og leyfis hafa verið brotin.

Þegar leyfi rennur út eða er afturkallað hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax söluaðstöðu ásamt aðfluttum búnaði af sölusvæði. Sé það ekki gert innan tilgreinds tímafrests áskilur umhverfissvið sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa.

Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði í sama ástandi og hann tók við því.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur heimild til að loka tilteknum sölusvæðum ef fyrirhugaðar skipulagsbreytingar, framkvæmdir eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður gefa tilefni til. Leyfishafa skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir með fyrirvara og fæst leyfisgjald ekki endurgreitt.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem samþykktar voru í bæjarstjórn Kópavogs þann XX.xxxx 2023, öðlast þegar gildi.